

LEIÐBEININGAR UM FRÁGANG GREINA

1 Efni

Gripla er alþjóðlegur vettvangur fyrir rannsóknir á sviði íslenskra og norræna fræða og birtir efni sem tengist rannsóknum á textafræði, bókmennta- og málsögu og sögu Íslands og Íslendinga.

Birtar eru útgáfur á stuttum textum, greinar og ritgerðir og stuttar fræðilegar athugasemdir.

Greinar skulu að jafnaði skrifaðar á íslensku en einnig eru birtar greinar á færeysku, norsku (nýnorsku og bókmáli), sænsku, dönsku, ensku, þýsku og frönsku.

2 Skil á efni

Fyrstu gerð efnis þarf aðeins að skila í handriti en þegar samþykkt hefur verið að birta það og það telst frágengið af hálfu höfundar þarf bæði að skila því í lokahandriti og á **tölvudisklingi**. Upplýsingar um ritvinnsluforrit og leturgerð (font) skulu fylgja.

Póstfang *Griplu* er:

Ritstjórn Griplu
Stofnun Árna Magnússonar
Árnagarði við Suðurgötu
101 Reykjavík

Efni má einnig koma beint til ritstjórnar.

Höfundar skulu jafnan láta nafn sitt, póstfang og netfang (og veffang ef um það er að ræða) fylgja ritum sínum.

3 Um leiðbeiningarnar

Leiðbeiningar þessar eru gerðar til að auðvelda ritstjórn og höfundum að búa tímaritið til prentunar. Þær eru m.a. byggðar á reglum *Íslensks máls* eftir Halldór Ármann Sigurðsson (1991).¹

¹ Halldór Ármann Sigurðsson veitti góðfúslegt leyfi sitt til að nota leiðbeiningar sínar og hafi hann bestu þökk fyrir.

Höfundar eru beðnir að fara eins nákvæmlega eftir leiðbeiningunum og þeir treysta sér til, a.m.k. í lokagerð handrits.

4.–13. kafli eru um fræðilegar greinar, ritgerðir og athugasemdir, stuttar sem langar, en 14. kafli er um útgáfur.

4 Stafsetning, framsetning og frágangur

Æskilegt er að höfundar fari að opinberum reglum um stafsetningu og greinarmerkjasetningu.

Höfundar skulu kappkosta að skrifa eðlilegan og læsilegan stíll svo að efni tímaritsins sé eins skýrt og aðgengilegt og kostur er. Eitt af því sem best stuðlar að því er skýr kaflaskipting. Stuttum athugasemdum þarf að sjálf-sögðu ekki að skipta í kafla en lengri greinum skal skipta í tölumerkta kafla; æskilegt er að hver hafi sitt heiti. Sé um langa kafla að ræða er sjálfsagt að skipta þeim í undirkafla sem beri hver um sig tölu og heiti. Heiti og númer aðalkafla eru með ögn stærra letri en heiti og tölur undirkafla eru skáletruð eins og hér er sýnt:

1 Inngangur

2 Skáldsnillingar

2.1 Snillingar

Til að auðvelda framsetningu og auka skýrleika er ætlast til þess að greinar hefjist á glöggum inngangi þar sem viðfangsefnið er reifað og að þær endi á niðurlagskafla þar sem helstu niðurstöður eru rifjaðar upp fyrir lesandanum.

5 Neðanmálgreinar

Ýmiss konar innskot, þakkir fyrir veitta aðstoð, óútskýrð vandamál og fleira sem rýfur eða truflar frásögn meginmáls er gott að setja í neðanmálgreinar. Að öðru leyti er best að hafa neðanmálgreinar eins fáar og stuttar og unnt er. Í þeim skulu aðeins vera efnislegar athugasemdir en ekki hreinar tilvísanir í heimildir.

Allar neðanmálgreinar skulu tölusettar með samfelldri töluröð frá upphafi greinar til enda.

6 Dæmi

Dæmi í meginmáli eru auðkennd með skáletri hvort sem um er að ræða orðasambönd, orð eða orðhluta. Sama máli gegnir um einstök hljóð sem tákn-

uð eru með bókstöfum. Leturtákn skal hins vegar afmarka með einföldum tilvitnunarkerkjum, 'þ'. Erlend máldæmi eru auðkennd með sama hætti og íslensk en íslensk þýðing þeirra er afmörkuð með einföldum tilvitnunarkerkjum. Einnig skal nota einföld tilvitnunarmerki þegar rætt er um merkingu íslenskra orða. Dæmi úr málum sem nota ekki latneska stafrófið skal umrita með latneskum stöfum nema sérstök ástæða sé til annars.

7 Myndir og töflur

Ekki fer vel á því að hafa tölulegar upplýsingar í meginmáli nema þær séu mjög einfaldar og því er farið fram á að þær séu settar fram í töflum.

Einfaldar töflur má hafa á sínum stað í töluskjali en flóknari töflur, myndir s.s. línurit o.þ.h. skulu fylgja í sérstöku skjali. Í handriti skal merkt greinilega hvar töflur og myndir eiga að vera. Skýringartexti með töflum skal hafður undir þeim og greindur frá þeim með auðu línubili. Autt línubil er einnig haft á undan töflum og á eftir skýringartexta þeirra.

Ljósmyndir sem höfundur óskar eftir að séu prentaðar skulu fylgja handriti og rækilega merkt hvar í greininni þær eiga að vera ásamt upplýsingum um stærð. Ljósmyndir af handritum, blaðsíðum í handriti eða hluta þeirra getur ritstjórn útvegað fyrir höfund í flestum tilvikum en um það verður að semja sérstaklega. Óski höfundur sérstaklega eftir að ljósmynd sé prentuð í lit skal semja um það sérstaklega.

Ritstjórn áskilur sér rétt til að hnika ljósmyndum, töflum og öðrum myndum til í texta greinar ef þannig stendur á umbroti.

8 Leturbreytingar í greinum

Nota skal *skáletur* í eftirfarandi tilvikum:

- a) Í öllum dæmum.
- b) Í fyrirsögnum undirkafla.
- c) Í töflu- og myndaheitum, bæði í meginmáli og skýringartextum með myndum og töflum.
- d) Til að auðkenna heiti tímarita og bóka, bæði í heimildaskrá og meginmáli. Sé hins vegar um að ræða heiti á bókmenntaverki eða handriti skal ekki breyta lettri.

Að jafnaði skal aðeins nota **feitt letur** í tveimur tilvikum:

- a) Til glöggvunar, t.d. á hugtaki þegar það er nefnt fyrst eða á einhverju eftirtektarverðu atriði.

b) Til áherslu (þessari notkun skal þó stillt í hóf).

Sé þörf á frekari leturbreytingum getur farið vel á að nota HÁSTAFI eða HÁSTEFLINGA.

Forðast ber að nota feitt letur eða hástafi í stað skáleturs.

9 Tilvitnunarkerki og sérstök tákn

Einföld tilvitnunarkerki, ‘ ’, eru einkum notuð til að afmarka merkingu dæma, til að afmarka merkingu hugtaka og til að afmarka leturtákn.

Tvöföld tilvitnunarkerki, „“, eru notuð til að afmarka stuttar orðréttar tilvitnanir.

Aldrei skal hafa greinarkerki (t.d. punkt) innan tilvitnunarkerkja nema það tilheyrir tilvitnuninni.

Hljóðrituð dæmi skulu höfð innan hornklofa, [], og skal reynt að fara sem næst eftir íslenskum hljóðritunarvenjum og/eða alþjóðlega hljóðritunarkerfinu I.P.A. Hornklofar eru einnig notaðir til að afmarka athugasemdir eða leiðréttingar höfundar inni í tilvitnun. Ennfremur eru hornklofar notaðir til að afmarka ólæsilega stafi eða orð í uppskrift handrits (sjá nánar í 14. kafla).

Hljóðkerfisleg dæmi skulu höfð á milli skástrika, //.

Endurgerð dæmi skulu merkt með * og skáletruð eins og önnur dæmi.

Þegar fellt er niður úr orðréttari tilvitnun skal það gefið til kynna með þremur punktum, ..., eins og venja er.

Bandstrik, -, er aðeins notað til að skipta orði á milli lína og tengja samsett orð sem ekki er unnt að rita í einu orði.

Pankastrik, ~, er sett á milli talna í sömu merkingu og forsetningin *til*, auk þess sem það er stundum notað í stað punktis eða kommu.

Í tilvitnunum í handrit geta komið fyrir sérstök tákn sem að jafnaði skal taka nákvæmlega upp, sjá nánar í næsta kafla.

Um notkun oddklofa, slaufusviga o.fl. tákna sjá 14. kafla.

10 Tilvitnanir

Höfundur ber fulla ábyrgð á að vitnað sé rétt til annarra rita.

Tilvitnanir í prentuð rit með latnesku stafrófi eru teknar nákvæmlega upp, stafréttar. Óþarft er þó að sýna hvernig leyst er upp úr böndum og skammstöfunum, ef um slíkt er að ræða, ef það skiptir ekki máli. Tilvitnanirnar eru stafréttar með réttitunar-, málfars- og efnisvillum ef um þær er að ræða. Höfundur getur þó komið á framfæri athugasemd um slíka villu innan hornklofa inni í texta tilvitnunarinnar eða leiðrétt hana en þá verður það að koma

skýrt fram annað hvort innan hornklofa eða strax á undan eða á eftir tilvitnuninni.

Tilvitnanir í rit á máli þar sem latneska stafrófið er ekki notað skal umrita með latneskum stöfum nema sérstök ástæða sé til annars.

Tilvitnanir í handrit skulu að jafnaði vera stafréttar og ekki er þörf á að sýna hvernig leyst er upp úr böndum og skammstöfunum. Höfundi er þó heimilt að umrita tilvitnun í handrit og samræma stafsetninguna annað hvort í samræmi við nágildandi reglur eða samræmda stafsetningu forna ef tilvitnunin hefur einungis efnislegt gildi. Höfundur skal þó hafa tilvitnunina algjörlega stafrétta, ef það skiptir máli; hafa skal þó samráð við ritstjórn um slíkt þar sem ekki er víst að öll tákni séu fyrir hendi í prentsmiðju.

Stuttar orðréttar tilvitnanir eru hafðar innan tvöfaldrar tilvitnunarkerkja, „“, í meginmáli. Lengri orðréttar tilvitnanir skal auðkenna sérstaklega með breiðri spássú (inndrætti). Ennfremur skal greina þær frá meginmáli með auðu línubili á undan þeim og eftir. Vísað skal til heimildar á undan slíkri tilvitnun.

Þegar eitthvað er felld niður úr orðréttri tilvitnun skal það gefið til kynna með þremur punktum, ..., eins og venja er.

11 Tilvísanir

Tilvísanir í heimildir eru auðkenndar með nafni höfundar ritsins ásamt útgáfuári og blaðsíðutali þar sem við á. Útgáfuár og blaðsíðutal kemur jafnan innan sviga og nafn höfundar einnig nema það sé hluti af meginmáli. Stundum er höfundarnafnið hins vegar hluti textans og er það þá ekki endurtekið innan sviga. Svipaður háttur er hafður á um tilvísanir í rit ótilgreindra höfunda, heimilt er þó að sleppa útgáfuárinu í tilvísuninni ef fullljóst er um hvaða útgáfu er að ræða.

Ekki skal nefna bindisnúmer í tilvísun nema fleiri en eitt bindi rits séu notuð sem heimildir. Þegar vitnað er til blaða í handriti er farið að viðteknum venjum.

Í beinum tilvísunum skal aðeins nota eftirnafn erlendra höfunda en ávallt fullt nafn íslenskra höfunda.

12 Tilvísanir í texta

Margar greinar í Griplu eru þess eðlis að oft er vitnað meira í texta eftir ókunna höfunda en þekktu. Rit þessi hafa í flestum tilvikum verið gefin út, gjarnan í ritröðum sem bera langa og í sumum tilfellum óþjálá titla. Til að til-

vísanir í texta sem prentaðir hafa verið í ritröðum verði ekki svo langar að til lýta sé hefur ritstjórn Griplu ákveðið að höfundar skuli vitna til texta í eftirtöldum ritröðum og tímaritum með þessum skammstöfunum:

ANF = *Arkiv för nordisk filologi*

ASB = *Altnordische Saga-Bibliothek*

BA = *Bibliotheca Arnarnagnæana*

DI = *Diplomatarium Islandicum*

DN = *Diplomatarium Norvegicum*

EA = *Editiones Arnarnagnæanæ*

ÍF = *Íslensk fornrit*

JEGP = *Journal of English and Germanic Philology*

KLNM = *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*

MM = *Maal og Minne*

Safn = *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta*

SS = *Scandinavian Studies*

STUAGNL = *Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur*

Skrá þessi tekur einungis til texta eftir ókunna höfunda í útgáfu annarra, en til rita eftir þekktu höfunda skal vísa eins og lýst er í 11. kafla.

13 Heimildir

Skrá um þær heimildir sem vitnað er til þarf að fylgja öllu efni, einnig ritdómum. Höfundi er þó heimilt að hafa fleiri rit í skránni en hann vísar til og er það í flestum tilvikum eðlilegt.

Heimildunum er raðað í stafrófsröð þess máls sem greinin er rituð á eftir nöfnum höfundar ellegar skammstöfunum eða stytum heitum rita ef ekki er unnt að kenna ritið við tiltekinn höfund. Séu höfundar fleiri en einn eru þeir tilfærðir í þeirri röð sem er höfð í heimildinni sjálfri.

Í greinum sem skrifaðar eru á íslensku skal nota íslenska stafrófsröð og miða röðun við skírnarnafn íslenskra höfunda en ættarnafn erlendra höfunda. Tvö eða fleiri rit eftir sama höfund sem hafa sama útgáfuár skal auðkenna með a, b ... í heimildaskrá.

Í heimildaskrá koma liðirnir í ákveðinni röð:

höfundur — útgáfuár — titill bókar — útgefandi (forlag) — útgáfustaður.

höfundur — útgáfuár — titill greinar/kafla — titill bókar — blaðsíðutal í bók — útgefandi — útgáfustaður.

höfundur — útgáfuár — titill greinar — titill tímarits — númer tímarits — blaðsíðutal greinar.

Að jafnaði skal reynt að forðast millitilvísanir í heimildaskrá.

Heimildir sem kenndar eru við höfund eða höfunda skulu því aðeins skammstafaðar að mjög oft sé til þeirra vitnað.

Viðbótarupplýsingar, t.d. um frumútgáfu, endurútgáfu eða ljósprentun, má hafa innan hornklofa.

Heiti tímarits eða bókar sem dreift er opinberlega skal vera skáletrað, en ekki annað, nema þá það sem er skáletrað í titli bókar. Ekki skal skáletra undir titil bókar eða viðbótarheiti og ekki heldur heiti greinar. Bókfræðilegar upplýsingar skulu vera stafréttar nema hvað í stað rómverskra talna í ártölum, bindisnúmerum o.s.frv. skal nota serkneskar tölur.

Ekki skal getið útgefanda tímarits og ekki er þörf á að geta útgefanda ef ritið er uppselt fyrir löngu (og útgefandi ekki lengur til).

Þessum reglum skal nú lýst nánar:

A Greinar í tímaritum:

Bjarni Vilhjálmsson. 1990. Postulínsgerð og hestavíg. Athugun á heimild Jóns Espólíns um hestaþing á Bleiksmýrardal. *Gripla* 7:7–50.

Ciklamini, Marlene. 1993. The Hand of Revision: Abbot Arngrímur' Redaction of *Guðmundar saga biskups*. *Gripla* 8:231–252.

Margrét Eggertsdóttir. 1995. Þýskt gyllinistafróf í þremur íslenskum þýðingum. *Gripla* 9:63–96.

B Greinar í bókum:

Guðvarður Már Gunnlaugsson. 1994. Lesbrigði í AM 455 fol. Vitnisburður um týnd handrit? *Sagnaþing helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum 10. apríl 1994*, bls. 289–305. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Haugen, Odd Einar. 1988. Grensa kring vitskapan. Om demarkasjonslinjer i tekstkritikken. *Tekstkritisk teori og praksis*. Nordisk symposium i tekstkritikk Godøysund 19.–22. mai 1987, bls. 63–94. Novus forlag, Oslo.

Torfi H. Tulinius. 1994. The Purloined Shield or *Egils saga Skalla-Grímssonar as a Contemporary Saga*. Samtíðarsögur. The Contemporary Sagas. Forprent. Preprints, bls. 758–769. Níunda alþjóðlega fornsagnaþingið. The Ninth International Saga Conference, Akureyri.

14 Útgáfur

Í Griplu eru birtar útgáfur á stuttum textum sem varðveittir eru í handritum. Þeim skal fylgja inngangur, formáli eða eftirmáli útgefanda og gilda um hann sömu reglur um frágang og um greinar (sbr. 4.–13. kafla). Í inngangi

skulu koma fram upplýsingar um handritið og textann, auk annars sem útgefandi vill koma að. Það er ekkert því til fyrirstöðu að útgáfa af þessu tagi fylgi langri fræðilegri ritgerð. Að öðru leyti gilda sérstakar reglur um meðferð textans og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir.

Textinn er prentaður stafrétt og er sýnt hvernig leyst er upp úr böndum og skammstöfunum. Upplausn á böndum er sýnd með skáletri, en upplausn á skammstöfunum (punktum og táknum með óvísri merkingu) er sýnd innan sviga.

Eftirtalin tákni eru notuð ef þörf krefur:

l, lóðrétt strik merkir nýja línu í handriti; uppi hægra megin við strikið fylgir tala sem sýnir númer línunnar sem kemur á eftir (/, skástrik er hins vegar aðeins notað ef það kemur fyrir í handritinu).

(), svigar merkja að það sem er innan þeirra er skammstafað í handriti með punkti eða tákni sem merkir ekkert ákveðið.

˘, merkir að það sem er milli þessara merkja er skrifað yfir línu í handriti.

˘, merkir að það sem er milli þessara merkja er skrifað á spássú, jafnvel ofan textans eða undir.

‡, merkir að það hefur verið strikað yfir það sem er milli þessara merkja í handriti, settir punktar undir það eða skafið burt.

‡, endurtekið fyrir slysi, eða skrifað án þess að vera leiðrétt.

<>, oddklofar eru settir utan um stafi, orð eða setningar sem útgefandi telur að hafi fallið niður af vangá.

[], hornklofar eru settir utan um stafi, orð eða setningar sem eru ólæsileg í handriti vegna slits eða skemmda. Útgefandi getur lesið í eyðurnar og prentað það sem augljóst er að eigi að standa eða það sem stendur í uppskrift.

[[]], tvöfaldir hornklofar sýna að það sem á milli þeirra er hefur verið ólæsilegt við fyrri gerð stafréttar útgáfu. Það sem var læsilegt þá er haft innan einfaldra hornklofa nú.

0000, ólæsilegir bókstafir, eða stafir sem hafa verið skornir burt; fjöldi tákna svara nokkurn veginn til fjölda bókstafanna, að vísu ekki fjölda hugsanlegra banda.

00..., fjöldi bókstafa sem hafa verið skornir burt er óvís.

...00, fjöldi bókstafa sem hafa verið skornir burt er óvís.

00...00, fjöldi bókstafa sem hafa verið skornir burt er óvís.

Sjá nánar í 6. kafla um ljósmyndir af handritum.

15 Útdráttur

Greinum og útgáfum (öðrum en stuttum athugasemdum o.þ.h.) skal fylgja útdráttur á öðru máli. Efni á íslensku og öðrum norrænum málum skal fylgja útdráttur á ensku eða þýsku, en efni á ensku, þýsku og frönsku skal fylgja útdráttur á íslensku.

Í útdrætti skal aðeins stiklað á stærstu efnisatriðunum og helstu niðurstöðum og skal hann að jafnaði ekki vera lengri en ein blaðsíða í handriti.

16 Skrár

Hverju bindi Griplu fylgja þrjár skrár. Höfundar skulu gera þessar skrár í íslenski stafrófsröð og láta fylgja með á tölvudisklingi. Ritstjórn Griplu sér um að bæta við blaðsíðutali við hvert atriði eftir því sem við á.

Í fyrsta lagi skrá yfir þau handrit sem minnst er á í ritinu. Handritaskráin er í tvennu lagi. Annars vegar skrá yfir handrit eftir safnmarki og hins vegar skrá yfir nöfn handrita.

Í öðru lagi skrá yfir upphöf kvæða og vísna sem minnst er á í ritinu.

Í þriðja lagi nafnaskrá. Höfundar skulu gera skrá yfir nöfn þau sem koma fyrir í grein eða útgáfu hvers og eins. Skráin er í íslenski stafrófsröð og nöfnin eru stafsett á nútímavísu.

Í nafnaskrá eru tekin með öll nöfn nema þau sem koma fyrir í heimildaskrá. Þó skal tekið með nafn höfundar ef nafn hans kemur fyrir í samfelldu máli í grein (meginmáli eða neðanmálgrein), sama gildir um nafn rits. Heiti allra manna og íbúa svæða, vætta, náttúruyfyrirbæra, hluta og öll landfræðiheiti eru tekin með í skrána. Höfundur skal skýra hvert nafn eftir því sem tök eru á.

17 Athugasemdir

Ritstjórn eða sérfróðir menn, sem hún fær til liðs við sig, gerir athugasemdir við allt efni; þessar athugasemdir eru oft ítarlegar. Ekki eru aðeins gerðar athugasemdir við fræðilega röksemdafærslu heldur einnig við framsetningu, orðalag, frágang o.s.frv. Þar kemur fram hvort grein er birtingarhæf með litlum eða engum breytingum, hæf til birtingar eftir gagngerar breytingar eða óhæf til birtingar. Athugasemdir eru að sjálfsögðu misjafnar engu síður en greinar en þær eru gerðar með hagsmuni höfunda og tímaritsins í huga.

18 Prófkir

Fyrsta próförk er send höfundum til yfirlstrar. Hún skal lesin og leiðrétt og send ritstjórn um hæl. Á próförk skal aðeins gera nauðsynlegar leiðrétt-

ingar og höfundar mega búast við því að verða látnir greiða þann kostnað sem hlýst af annars konar breytingum, þ.e. frávikum frá samþykktri lokagerð.

19 Sérprent

Höfundar fá send 25 eintök af sérprentum án endurgjalds. Höfundar geta pantað fleiri eintök um leið og þeir skila fyrstu próförk en þurfa þá að greiða sérstaklega fyrir þau samkvæmt reikningi.

HEIMILDIR OG NOKKUR RIT UM FRÁGANG HANDRITA

Baldur Sigurðsson og Bjarni Ólafsson. 1989. *Fram á ritvöllinn*. Mál og menning, Reykjavík.

Halldór Ármann Sigurðsson. 1991. Leiðbeiningar um frágang greina. *Íslenskt mál* 12–13:213–232.

Höskuldur Þráinsson. 1980. Leiðbeiningar um frágang handrita. *Íslenskt mál* 2:257–262.

Indriði Gíslason og Baldur Sigurðsson. 1993. *Skráning heimilda og tilvísanir í fræðilegum ritgerðum*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, [Reykjavík].

Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 1988. *Handbók um ritun og frágang*. Iðunn, Reykjavík.

Íslenskur staðall, ÍST 3, Handrit og prófarkir. 1975. Iðnþróunarstofnun Íslands, Reykjavík.

Reglur um frágang þingskjala og prentun umræðna. 1988. *Alþingistíðindi*. Reykjavík.

Guðvarður Már Gunnlaugsson
Stofnun Árna Magnússonar
Árnagarði við Suðurgötu
101 Reykjavík
vardi@rhi.hi.is